

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um útreikning á útflutningsgjaldi af síld. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 10. marz p. á, hafið þjer, herra amtmaður, leitt athygli mitt að því, að sýslumennirnir í Eyjafjarðarsýslu og Norðurmúlasýslu fylgdu þeirri reglu við útreikning útflutningsgjalds af síld samkvæmt lögum 4. nóv. 1881, að þeir teldu 108 potta síldar vera í hverri útfluttri tunnuna, þótt hún tæki undir það 120 potta, með því að þeir álitu, að reikna bæri frá salt það, er látið væri í tunnuna, svo að hún í rauninni aldrei innihjeldi meira en svo sem 100 potta, og með því að þjer nú hafið álitid, að þessi aðferð nefndra sýslumanna væri eigi rjett, en að greiða beri útflutningsgjald af öllu rúmmáli tunnanna, að meðtöldu saltinu, þarsem lögin hljóti að hafa gjört ráð fyrir því, að salt væri látið í þær með síldinni, þá hafið þjer skotið því til mín, hvort eigi sje ástæða til að brýna fyrir hinum nefndu tveimur sýslumönnum að taka gjaldið af hverri tunnuna eins og hún flytzt út, án þess að draga frá saltið, sem í henni væri.

Útaf þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, að jeg er yður samdóma um skilning þann á 2. gr. 5 í lögnum um útflutningsgjald af fiski og lýsi o.fl. frá 4. nóv. 1881, sem þjer hafið látið í ljósi, og vil jeg þessvegna biðja yður að leggja fyrir sýslumennina í Eyjafjarðarsýslu og Norðurmúlasýslu að reikna eptirleiðis útflutningsgjaldið samkvæmt þessu.

— Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um meðferð sýslunefndarinnar á styrknum til eflingar búnaði. — Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu, er þjer, herra sýslumaður, skýrðuð mjer frá í þóknanlegu brjefi, dags. 8. f. m., samþykki jeg hjermeð, að af þeim 520 kr., sem tjeðri sýslu eru úthlutadar fyrir 1884 af fjenu til eflingar búnaði með auglýsingu minni 1. marz p. á., sjeu veittar sem verðlaun fyrir jarðabætur Guðmundi bónda Einarssyni á Flögu í Skriðdal 250 kr. og Arnfinni hreppstjóra Jónssyni á Arnhólstöðum 70 kr. Þarómóti get jeg ekki fallizt á þá tillögu sýslunefndarinnar, að þær 200 kr., sem eptir verða af ofangreindum 520 kr., sjeu aðeins veittar sem rentulaust lán í 5 ár og sjeu þannig geymdar handa sýslusjóðnum til ráðstöfunar síðar meir, og verð jeg að álíta, að það hafi verið tilgangurinn með styrk þeim, er hjer er um að ræða, að hann yrði allur notaður á því fjárhagsári, sem hann er veittur fyrir.

Samkvæmt þessu sendi jeg yður hjermeð til frekari ráðstöfunar jarðabókarsjóðs-ávisun fyrir 320 kr. af ofannefndu fje, en vænti frekari tillögu um, hvernig þeim 200 kr., sem eptir eru af styrknum fyrir þetta ár, skuli varið.

— Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um endurgjald á tolli af brennivíni er lekið hafði niður. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 29. marzm. p. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi Tryggva kaupstjóra Gunnarssonar þar sem hann fer þess á leit, að Gránufjelagið fái endurgoldinn toll af 184 pottum af brennivíni, er lekið höfðu niður af vínföngum þeim, er fluttust hingað til landsins í fyrra vor með skipinu Rota.

Útaf þessu skal yður þjónustusamlega til vitundar gefið, að með því að engin sönnun er framkomin fyrir því, að hinn umræddi leki hafi orðið áður en skipið var að

20. d. septbrmán: 1884.

100  
22.  
júli

101  
21.  
ágúst.

102  
22.  
ágúst.